AUGLÝSING

um deiliskipulagið Hvammsskógur neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 19. september 2003 samþykkt deiliskipulagið Hvammsskógur neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er 18,2 ha að stærð og gerir ráð fyrir 35 frístundahúsalóðum, íbúðarhúsalóð, 12 lóðum fyrir bátaskýli, útivistar- og leiksvæðum og nýlagningu vega.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grund, 23. desember 2003.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn. Suðurnes.

Samkvæmt lögum nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja, vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, Suðurnes, nr. 451, 20. júní 2003. Allir taxtar hækki um 5%.

Þá hefur stjórn hitaveitunnar ákveðið að taka upp eftirfarandi gjöld:

Seðilgjald	kr. 200 án vsk og kr. 249 með vsk.
Vanskilatilkynning	kr. 500 (ber ekki vsk).
Lokunartilkynning	kr. 400 (ber ekki vsk).
Aukaálestur	kr. 1.000 án vsk og kr. 1.245 með vsk.
Notendaskipti án álestrar	kr. 250 án vsk og kr. 311 með vsk.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Helgi Bjarnason.